

1858. póstgöngur og aðra landsháttu, sem og herra stiptamtmaðurinn
19. maí. hefir á vikið.

Þess skulum vèr og enn fremur geta, að skyldi yður, þá er lokið er þessu máli um umsóknarbréf sèra Björns, greina enn á um, hverjum þeirra þriggja skyldi brauðið veitast, þá ber nauðsyn til að öll umsóknarbréfin sè send hingað, og að þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, sendið með þeim tillögur yðvar beggja, og hvorr ykkar um sig styði þær með sínum ástæðum, áður en vèr fáum lagt úrskurð vorn á málið.

29. maí. **14. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um fátækramálefni.**

Þèr hafið, herra stiptamtmaður, ritað oss tillögur yðvar 14. nóvember í fyrra með bónarbréfi frá hreppstjórunum í Álptaness hrepp, er þeir bera sig upp undan því, að fátækur barnamaður nokkurr, er hingað til hafi búið austur í Grímsnesi í Árness sýslu og sè sveitlægur þar í hrepp, hafi að ráði tengdaföður síns, Sigurðar Sigurðssonar, þurraþúðarmanns á Hjallalandi í Álptaness hrepp, eður sonar hans, farið þangað í húsmennsku; og nú fyrir því að þèr, herra stiptamtmaður, hafið samsinnt því, er sýslumaður vildi eigi, að áskorun hreppstjóranna, grípa til 21. gr. í reglugjörð 8. janúar 1834 og færa manninn aptur með fjölskyldu sinni, þá hafa þeir hreppstjórnarnir skotið því til úrskurðar vors, hvort þeir væri eigi skyldir til, að svo vöxnu máli, að vísa manninum heim á sveit sína.

Þessu svörum vèr, sjálfum yður til leiðbeiníngar og til frekari auglýsingar, að oss lízt eigi að 21. gr. reglug. 8. jan. 1834 eigi hèr við, að svo sköpuðu máli, og eigi fáum vèr sèð, að hreppstjórar eigi rétt á að beiða hann brottfarar úr hrepp þeim, er hann nú er, með því að hann hefir eigi leitað nè fengið nokkurn styrk af fátækra sjóði.